



Rafrænar beiðnir

Með rafrænum beiðnum í Síminn Pay appinu leysum við beiðnabókina af hólmi



Yfirsýn

Fyrirtæki með rafrænar beiðnabækur fyrir starfsfólk hefur fullkomna yfirsýn yfir stöðu beiðna.



Öryggi

Öruggt greiðsluferli með Síminn Pay appinu sem greiðslulausn fyrir rafrænar beiðnabækur.




Rekjanleiki

Rafrænt greiðsluferlið er auðrekjanlegt og enginn vafi á hver greiddi, hvar og hvenær.



Stýring

Stjórnendur geta stillt í kerfinu hvaða starfsmenn geta greitt með rafrænum beiðnabókum.



Rafrænar beiðnir með Síminn Pay

Með Síminn Pay appinu geta notendur haldið utan um útgáfu á rafrænum beiðnum á einfaldan og öruggan hátt.

Haldið er utan um auðkenningu starfsmanna gagnvart bæði útgáfu- og söluaðila og þannig tryggt að viðkomandi starfsmaður hafi umboð til að taka út vörur og þjónustu í nafni útgáfaðila.

Einfalt er að stofna beiðni við innkaup þar sem starfsmaður er leiddur í gegnum ferli sem flokkar innkaupin eftir fyrirfram skilgreindum flokkum. Einnig er hægt að hengja mynd af kassavittun við beiðnina.

Þjónustuvefur úttekaraðila

Útgáfaaðilar hafa rauntíma yfirsýn yfir útgáfu beiðna í þeirra nafni á einum stað. Stjórnendur geta stýrt úttekjarheimildum starfsmanna eftir söluaðilum. Hægt er að taka út lista af beiðnum eftir starfsmönnum og söluaðilum.

Útgáfaaðilar fá aðgang að vefþjónustu frá Síminn Pay þar sem hægt er að nálgast beiðnagögn til samþættingar við bókhaldskerfi.

